



Árangur fyrir Ísland

Stefnumótun fyrir íslenskt atvinnulíf 2003-2010



Inngangur

- Efni skýrslu til Viðskiptaþings Verslunarráðs Íslands 2003 lýtur að stöðu Íslands meðal hagsældarríkja heims. Til þess að Íslendingar og íslenskt atvinnulíf nái markmiðum sínum um árangur telur Verslunarráð nauðsynlegt að hafa í huga alla þætti þjóðfélagsins og vega og meta sífellt áherslur og aðgerðir. Þess vegna er nú lögð fram stefnumótun fyrir Ísland 2003-2010, sem beinist bæði að stjórnvöldum og atvinnulífinu sjálfu.
- Að þessu sinni er skýrslan á öðru formi en oft áður. Valin er sú leið að taka saman áherslupunkta í stað heildstæðs texta og gefur það möguleika á að koma víðar við en ella.
- Skýrslunni er skipt upp í tvennt. Í fyrri hlutanum, bls. 1-19, er vikið að ýmsum grundvallaratriðum sem æskilegt er að velta fyrir sér áður en hugað er að þeim einstöku mála-flokkum sem fjallað er um í seinni hlutanum, bls. 20–38.
- Að skýrslugerðinni komu stjórnarmenn Verslunarráðs auk ýmissa félagsmanna og eru þeim öllum færðar þakkir fyrir framlag sitt til málefnavinnu ráðsins. Umsjón með vinnslu skýrslunnar var í höndum þeirra Vilhjálms Egilssonar fyrrverandi framkvæmdastjóra Verslunarráðs, Birgis Ármannssonar staðgengils framkvæmdastjóra og Sigríðar Á. Andersen lögfræðings.



Af hverju stefnumótun?

- Verslunarráð Íslands er vettvangur fyrir mótun stefnu í málefnum atvinnulífsins og framtíð þess.
- Við viljum sjá fyrir breytingar og vera skrefinu á undan og nýta til fulls kosti frjálsræðis og heilbrigðra viðskiptahátta.
- Við nálgumst viðfangsefni okkar skipulega og náum hámarks árangri miðað við getu okkar.
- Við skilgreinum stöðu Íslands í umheiminum, setjum fram markmið, grundvallarskoðanir og gildismat.
- Við viljum móta stefnu í samskiptum við aðrar þjóðir og ríkjabandalög.



Markmið stefnumótunar

- Verslunarráð vill að íslenskt atvinnulíf og stjórnvöld hafi skýr markmið að stefna að á næstu árum um samkeppnishæf starfsskilyrði íslensks atvinnulífs.
- Verslunarráð vill skapa breiða sýn á framtíðina meðal helstu aðila sem taka ákvarðanir í samfélaginu, hvort heldur er í atvinnulífi eða á vettvangi hins opinbera.
- Verslunarráð vill gera stjórnendur hæfari til að takast á við breytingar og uppfylla vaxandi kröfur um árangur í sífelld harðari samkeppni á innlendum og erlendum mörkuðum.



Aðalatriði í stefnumótun fyrir Ísland

- Ísland standi styrkum fótum í fremstu röð meðal þjóða heims.
- íslenskt atvinnulíf verði alþjóðlega samkeppnishæft og standi undir hámarkslífsgæðum og skapandi mannlífi.
- Ísland verði óskaland fyrir atvinnurekstur þar sem fyrirtæki hafi möguleika til að hagnast og leggja af mörkum til samfélagsins í friði fyrir óhóflegum inngripum ríkisvaldsins.
- Ísland verði eftirsóknarvert til búsetu fyrir vel menntað fólk með hæfileika til að ná árangri á alþjóðlegum mörkuðum.



Ímynd Íslands

- Við viljum að Ísland njóti álits fyrir að vera háþróað samfélag menntaðs fólks, með fjölbreytt og áhugavert menningarlíf og náttúru, sem aðrar þjóðir vilja eiga viðskipti við og heimsækja.
- Við viljum að Ísland njóti álits sem heiðarlegt samfélag með stöðugu og skilvirku stjórnkerfi, laust við spillingu.
- Við viljum að litið verði upp til íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum vegna framtaks, fagmennsku og gæða.



Íslenskt atvinnulíf

- Íslenskum fyrirtækjum sé stjórnað þannig að þau rísi undir þeim kröfum, sem fylgja því að standa í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.
- Íslensk fyrirtæki búi við starfsskilyrði af hálfu hins opinbera sem gefi hæfum stjórnendum sanngjarna möguleika á að ná metnaðarfullum markmiðum.
- Áhersla er lögð á opna, gegnsæja og heiðarlega viðskiptahætti og að markaðir hagkerfisins séu eins skilvirkir og kostur er.
- Fyrirtæki sæti ekki óhóflegum inngripum í starfsemi sína af hálfu hins opinbera.



Lífskjör á Íslandi

- Tekjur og lífskjör á Íslandi þurfa að vera með sambærilegum hætti og í þeim 10 ríkjum heims þar sem landsframleiðsla á mann er mest.
- Fólk sem leggur hart að sér á að eiga möguleika á að fá umbun og uppskera árangur erfiðis síns.
- Velferðarkerfi, heilbrigðiskerfi og lífeyriskerfi þurfa að vera í samræmi við lífskjör þjóðarinnar og vera eitt af samkeppnistækjum þjóðarinnar.
- Íslenskt menningarlíf þarf að vera öflugt og fjölbreytt og uppfylla þarfir framtíðarsamfélags í fremstu röð.



Íslenskt samfélag

- Íslenskt samfélag þarf að byggja á heiðarleika og metnaði, vera tilbúið til að takast á við samkeppni og opið fyrir áhrifum erlendis frá.
- Íslenskt samfélag þarf að vera skilvirkt réttarríki með áherslu á jafnræði og almennar leikreglur.
- Íslenskt samfélag þarf að vera jákvætt gagnvart þeim sem ná árangri og má ekki mótast af öfund en þarf jafnframt að vera meðvitað, umburðarlynt og tilbúið að styðja þá sem á þurfa að halda.



Hvernig störfum við?

- Stjórnendur þurfa að hafa hagnað og framfarir að leiðarljósi og góður árangur þarf að vera viðurkenndur af samfélaginu.
- Stjórnendur íslenskra fyrirtækja þurfa að leggja áherslu á frumkvæði, metnað, heiðarleika og fagmennsku og virkja starfsfólk til dáða.
- Stjórnendur þurfa að vera djarfir í ákvörðunum, óhræddir við að taka erfiðar ákvarðanir og hugmyndaríkir við að þróa nýjungar í rekstri og starfsháttum sem skila hagnaði.
- Stjórnendur þurfa að vera opnir fyrir alþjóðlegum stefnum og straumum og færir um að starfa í alþjóðlegu umhverfi.



Samskipti við aðrar þjóðir

- Íslendingar þurfa að halda málstað sínum og hagsmunum á lofti gagnvart öðrum ríkjum og ríkjabandalögum.
- Íslendingar þurfa að vera óhræddir við að taka þátt í því alþjóðlega samstarfi sem þjónar hagsmunum þjóðarinnar.
- Íslendingar þurfa að hafa frumkvæði að þróun samskipta og leikreglna í alþjóðlegu samstarfi og vera jafnan reiðubúnir að skoða ný svið í samstarfi við aðrar þjóðir.
- Íslendingar þurfa að hafa eftirlit með því hvernig það fé er nýtt sem varið er til alþjóðlegs samstarfs.
- Íslendingar þurfa að leggja áherslu á frjáls viðskipti og alþjóðavæðingu.



Hvar liggur samkeppnishæfnin?

- Náttúruauðlindir; fiskur, orka, umhverfi.
- Mannauður; menntun, alþjóðleg reynsla, opnir fyrir nýjungum, aðlögunarhæfni.
- Nálægð við stjórnkerfið, stöðugleiki í stjórnarfari, réttarríki, laust við spillingu, tiltölulega velviljað gagnvart atvinnulífi og viðskiptum.
- Staða landsins í alþjóðasamfélaginu.
- Efnahagslegur stöðugleiki og aðlögunarhæfni hagkerfisins.
- Smæð hagkerfisins skapar viðbragðsflýti og sveigjanleika.
- Sveigjanleiki á vinnumarkaði.



Hvar eru veikleikarnir?

- Smæð hagkerfisins.
- Lítil heimamarkaður.
- Landfræðileg fjarlægð.
- Skortur á hæfni í sölu og markaðssetningu.
- Skortur á hagnýtum áherslum í menntakerfinu.
- Skortur á hefðum á ýmsum sviðum viðskiptalífsins.



Burðarásar samfélagssins

- Burðarásar samfélagssins eru fyrirtæki og atvinnugreinar sem ná árangri í að selja vöru eða þjónustu sem er alþjóðlega samkeppnishæf og skilar hagnaði til þjóðarbúsins.
- **Hvað erum við að selja:**
 - Sérhæfð þekking
 - Gæði
 - Þjónusta
 - Náttúruauðlindir
- **Hvað ætlum við að selja:**
 - Sérhæfða þekkingu
 - Gæði
 - Þjónustu
 - Náttúruauðlindir
- Ætlum við að breyta hlutföllum / áherslum okkar í því hvað við erum að selja næstu árin?



Framtíðarsýn

Af hverju á fólk að vilja búa á Íslandi?

Hvaða skilyrði eru nauðsynleg?

- Lífskjör með því besta í heiminum – tekjur og afkoma heimilanna.
- Fjölbreytt og krefjandi störf í boði.
- Möguleiki til að uppskera árangur erfiðis síns.
- Góður aðgangur að fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfi.
- Óformlegt félagslegt öryggisnet fjölskyldu og vina.
- Umburðarlynt og fordómalaust samfélag.
- Hvetjandi samfélag.



Framtíðarsýn –frh.

- Friðsælt samfélag, lög og regla.
- Gott að ala upp börn.
- Aðgangur að menntun, þ.m.t. framhaldsmenntun og símenntun.
- Möguleiki á að auka þekkingu.
- Góður möguleiki á að ferðast til annarra landa.
- Nálægð við náttúruna, fjölbreyttir möguleikar á útivist og afþreyingu.
- Aðgangur að hvers kyns menningarstarfsemi.
- Vinnuhvetjandi loftslag.



Framtíðarsýn –frh.

Af hverju eiga fyrirtæki að vilja staðsetja sig og fjárfesta á Íslandi? Hvaða skilyrði eru nauðsynleg?

- Stöðugleiki í efnahagslífi og stjórnarhari.
- Aðgangur góðu starfsfólki.
- Möguleiki á hagnaði.
- Möguleiki á að færa hagnað til og frá landinu og milli atvinnugreina.
- Vingjarnlegt skattaumhverfi.
- Sveigjanlegur vinnumarkaður.
- Þjónustuvæn og skilvirk stjórnsýsla.
- Auðvelt að stofna fyrirtæki og breyta þeim.
- Vinsamleg fyrirtækjalöggjöf.
- Greiður aðgangur að alþjóðlegum mörkuðum.
- Stuttar boðleiðir og skilvirk samskipti milli fyrirtækja.
- Stuttar boðleiðir milli fyrirtækja og hins opinbera.
- Aðgangur að öflugum fjármagns- og hlutabréfamarkaði.
- Gott viðskiptasiðferði.
- Opin og heiðarleg samkeppni.



Markmið fyrir Ísland

- Hagvaxtarmarkmið; a.m.k. 3-4% árlegur hagvöxtur.
- Aukin alþjóðavæðing m.a. með tvöföldun á erlendri fjárfestingu á Íslandi.
- Hlutfall inn- og útflutnings; 50% af landsframleiðslu.
- Verðbólga innan við 2,5%.
- Sambærilegur fjármagnskostnaður og í viðskiptalöndum.
- Fjölgun starfa á Íslandi þ.a. ekki sé atvinnuleysi.
- Aðfluttum fjölgi umfram brottflutta.
- Atvinnulífið geti tekið við menntuðum útlendingum.
- Hlutfall samneyslu af landsframleiðslu lækki verulega og skattar lækki.
- Umsvif ríkisins minnki og það hverfi frá samkeppnisrekstri.
- Hlutverk einkaaðila í heilbrigðisþjónustu og menntakerfi aukist í a.m.k. 25-33%.
- Hagstætt skattkerfi laði að erlent fjármagn og sé stöðugt og trúverðugt.
- Ísland verði í topp 10 í öllum alþjóðlegum samanburði um samkeppnishæfni, hagstætt viðskiptaumhverfi og frjálsræði í viðskiptum.



Grundvallarskoðanir

Af hverju skilgreinum við okkur sem Íslendinga?

Af hverju á Ísland tilverurétt?

- Tilvera Íslands og Íslendinga byggist á því að okkur takist að skapa samkeppnishæft atvinnulíf og eftirsóknarvert mannlíf.
- Nægileg samstaða um okkur sjálf sem þjóð sem skynjar sig sem aðgreindan hóp á grundvelli tungu, menningar, viðhorfa og sameiginlegra efnahagslegra hagsmuna.
- Hver kynslóð er ekki aðeins að hugsa um sinn hag heldur er líka að byggja upp fyrir framtíðina og leggja af mörkum til komandi kynslóða.
- Ísland þarf að standast sem opið samfélag sem þolir að taka við stefnum og straumum erlendis frá, aðlaga atvinnulíf og samfélag að þeim og leggja jafnframt af mörkum til alþjóðasamfélagsins.
- Íslenskt samfélag hvílir á stoðum einstaklings- og athafnafrelsis með ríkri vitund um samfélagslega þátttöku og ábyrgð.



Gildismat

- Við teljum að almennur heiðarleiki, áreiðanleiki og siðgæðisvitund sé undirstaða velgengni samfélagsins bæði í atvinnulífi og á opinberum vettvangi.
- Við teljum að metnaður og frumkvæði og vilji til að ná árangri eigi að einkenna störf Íslendinga.
- Við teljum að fyrirtæki og einstaklingar eigi að njóta sem mests frjálsræðis en jafnframt að bera ábyrgð á verkum sínum.



Greining á aðstæðum og tengd stefnumótun

Hér á eftir er að finna greiningu á aðstæðum og tengda stefnumótum í þeim málaflokkum sem Verslunarráð telur brýnast að leggja áherslu á næstu árin.



Einkavæðing

Núverandi aðstæður	Æskileg framtíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Í höndum ríkisins: Íbúðarlánasjóður. Lánasj. Landbúnaðarins. LÍN. Landssíminn. Íslandspóstur. Orkufyrirtæki. Sementsverksmiðjan. Íslenskir aðalverktar. ÁTVR. Fríhöfnin. RÚV.</p>	<p>Allur rekstur á viðskiptalegum grundvelli verði í höndum einkaaðila og svigrúm aukið fyrir einkarekstur á sviðum sem fjármögnuð eru af ríkinu. Einstakir þjónustubættir hjá hinu opinbera séu ekki í samkeppni við einkaaðila. Einkaðilum verði faldir tilteknir þjónustubættir til dæmis á sviði heilbrigðis- og menntamála.</p>	<p>Hlutabréf ríkisins í hlutafélögum verði seld. Önnur ríkisfyrirtæki undirbúin fyrir sölu eða lögð niður. Einkasala á áfengi og tóbaki lögð niður. Skipulagsbreytingar í orku-, heilbrigðis- og menntamálum.</p>	<p>Landssíminn. ÁTVR lögð niður. Orkufyrirtæki. Sala hlutabréfa í ÍAV og Sementsverksmiðjunni. Íslandspóstur. Íbúðarlánasjóður. Allur verslunarrekstur í Flugstöðinni falinn einkaaðilum.</p>



Fjármagnsmarkaður

Núverandi aðstæður	Æskileg framtíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Vaxtamunur milli Ísl. og annarra landa of mikill. Kostnaður við starfrækslu fjármálamarkaðarins í heild of hár.</p> <p>Hömlur á valfrelsi í lífeyrissparnaði.</p> <p>Ónóg alþjóðavæðing.</p>	<p>Framleiðni á markaðinum aukist um 40% fram til 2010.</p> <p>Færra starfsfólk þrátt fyrir vöxt markaðarins.</p> <p>Fullt frelsi til að velja lífeyrissjóð.</p> <p>Verulegur hluti af eignum fyrirtækja á fjármagnsmarkaði verði erlendum.</p> <p>Stóraukinn hluti af eignarhlutum í fyrirtækjum á markaðinum verði í erlendri eign.</p>	<p>Lagaleg umgjörð styðji við þróun markaðarins.</p> <p>Fjármálaeftirlitið vinni með fyrirtækjum til að skapa traust og festu á markaðinum.</p> <p>Hlutabréfamarkaður betur tengdur alþjóðlegum mörkuðum.</p> <p>Fyrirtæki á fjármálamarkaði hafi svigrúm til nauðsynlegrar hagræðingar.</p> <p>Íslendingar sérhæfi sig í rekstri alþjóðlegs markaðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og sjávarútvegsfyrirtæki.</p> <p>Lög um lífeyrissjóði breytt og valfrelsi innleitt.</p>	<p>Breytingar á eiginfjárkröfum hækki ekki vaxtamun eða kostnað og dragi ekki úr þjónustu.</p> <p>Lífeyrissjóður með skylduaðild veiti sjóðsfélaga heimild til þess að greiða í annan lífeyrissjóð enda uppfylli sá sjóður tiltekin skilyrði.</p> <p>Löggjöf um yfirtökutilboð verði endurskoðuð (lægri mörk vegna eignarhlutar).</p> <p>Efla hlutabréfamarkaðinn á nýjan leik.</p> <p>Fjölmyntakerfi verði nýtt til að draga úr því óhagræði sem fylgir krónunni.</p>



Hagstjórn

Núverandi aðstæður

Æskileg fram tíðarstaða

Stefna

Forgangsröðun

<p>Verðbólgu markmið Seðlabanka hefur náðst fram að þessu en hann þykir of seinn að lækka vexti.</p> <p>Frjálst gengi eykur jafnvægi í hagkerfinu en sveiflur geta verið óheppilegar fyrir fyrirtæki.</p> <p>Mörgum fyrirtækjum þykir erfitt að starfa með krónunni.</p> <p>Ríkissjóður almennt rekinn með afgangi þrátt fyrir hærra samneysluhlutfall.</p>	<p>Hagstjórn skapi bæði efnahagslegan stöðugleika og jafnvægi í hagkerfinu.</p> <p>Ríkið beiti virkri innbyggðri sveiflujöfnun.</p> <p>Hagkerfið verði fjölmynta hagkerfi og raunhæfur möguleiki verði fyrir fyrirtæki að nýta aðra gjaldmiðla en krónuna sem starfrækslugjaldmiðil.</p> <p>Verðbólga verði jafnan innan viðmiðunarmarka.</p>	<p>Ríkið skilgreini virka innbyggða sveiflujöfnun.</p> <p>Lánastýring ríkisins sé nýtt til að stuðla að stöðugu gengi krónunnar.</p> <p>Gengissveiflur ógni ekki fjármálastöðugleika</p> <p>Vaxtabreytingar Seðlab. séu nægilega vel tímasettar til að takm. sem mest sveiflur á gengi krónunnar.</p> <p>Efla þarf virkni gjaldeyrismarkaðarins.</p>	<p>Huga þarf að stöðu innbyggðra sveiflujafnara á hverjum tíma, s.s. samspili ríkisútgjalda, skatta, lánastýringar ríkisins, vaxtaákvæðana Seðlabankans o.s.frv.</p>
---	---	--	--



Hagvöxtur

Núverandi aðstæður

Hagvöxtur á árunum 1994/5-2001 var nálægt 30% í heild á tímabilinu. Á árinu 2002 er áætlað að VLF hafi lækkað um 0,8%. Á árinu 2003 er gert ráð fyrir 2,4% -2,8% hagvexti. Miðað við áform um virkjanir og stóriðju gæti árlegur hagvöxtur orðið 3-4%meiri á næstu árum en gera mætti ráð fyrir ella.

Æskileg framτίðarstaða

Árlegur hagvöxtur á Íslandi verði ekki minni 3-4% að meðaltali. Hagkerfið verði a.m.k. 25-30% stærra árið 2010 heldur en 2003. Hagvöxtur á Íslandi þarf að vera ívið meiri en í nágrennalöndunum til að lífskjör hér á landi haldist óbreytt í samanburði við þau.

Stefna

Samkeppnishæfni atvinnulífsins og vaxtageta þess þarf að vera stefna ríkisins. Greiða þarf fyrir alþjóða-væðingu atvinnulífsins. Hlutfall samneyslu lækki til að auka svigrúm atvinnulífsins. Auðlindir landsins verði nýttar skynsamlega til að bæta þjóðarhag.

Forgangsröðun

Aðgerðir á sviði skattamála og eftirlitsiðnaðar til þess að auka samkeppnishæfni. Hindranir í viðskiptum við útlönd verði afnumdar.



Nýsköpun

Núverandi aðstæður

Minna fjármagn til nýsköpunar en á undanförunum árum. Fjárfestar áhættufælnari. Útgjöld hins opinbera til rannsókna og þróunar er 1,2% af VLF. Oft skortur á markaðsreynslu og markaðspekkingu hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Æskileg framtíðarstaða

Ísland verði nýsköpunarland sem m.a. felst í almennum velvilja gagnvart áhættufjármagni og umburðarlyndi gagnvart nýjungum sem ekki ná fótfestu. Nýsköpun haldist í hendur við alþjóðavæðingu.

Stefna

Viðhorf til áhættufjárfestinga þroskist, þ.a. þolinmæði og skýr markmið séu til staðar. Reglubyrði t.d. á sviði skattamála verði ekki hindrun gagnvart stofnun og starfsemi nýrra fyrirtækja. Fyrirtæki verði fjárhagslega í stakk búin til að leggja fé í nýsköpun.

Forgangsröðun

Stuðla að því að nauðsyn nýsköpunar fái verðskuldaða athygli, m.a. við uppbyggingu í menntamálum. Hrinda úr vegi óþarfa reglubyrði (sem bitnar gjarnan harðar á nýjum fyrirtækjum).



Samkeppnismál

Núverandi aðstæður	Æskileg framtíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Samkeppnisyfirvöld hafa verið gagnrýnd vegna skorts á fagmennsku.</p> <p>Aukin afskipti samkeppnisyrvalda með rýmkun heimilda þeirra.</p> <p>Óljós markmið með reglum um samkeppni.</p> <p>Vöxtur fyrirtækja og hagræðing oft gerð tortryggileg í almennri umræðu.</p>	<p>Atvinnulíf fái að vaxa og dafna án inngripa frá samkeppnisyfirvöldum.</p> <p>Eflingu fyrirtækja, með samruna eða annars konar hagræðingu, sé tekið fagnandi.</p> <p>Ríkið sé hvorki í beinni né óbeinni samkeppni við einkaaðila.</p> <p>Samkeppnislöggjöf og starfsemi samkeppnisyrvalda efli traust á frjálsum markaði.</p>	<p>Hugtakið samkeppni fái þá merkingu sem eðlileg er; þ.e. ferli en ekki stöðugt ástand sem hægt er að koma á með stjórnvaldsaðgerðum.</p> <p>Einkavæðing þegar ríkisrekstur heftir aðgengi að markaði.</p>	<p>Samkeppnislög verði endurskoðuð með hliðsjón af smæð íslensks markaðar og þeim viðmiðunarmörkum sem gilda í nágrennaríkjum.</p> <p>Skýrar reglur settar um íþyngjandi aðgerðir samkeppnisyrvalda.</p> <p>Málsmeðferðarreglur endurskoðaðar þ.a. boðleiðir styttest og ábyrgð skýrist.</p>



Viðskiptalöggjöf

Núverandi aðstæður

Æskileg framτίðarstaða

Stefna

Forgangsröðun

<p>Viðskiptalöggjöf er almennt nútímaleg en þarf sífellt að vera í endurnýjun vegna örra breytinga.</p> <p>Hlutafélagalöggjöf hefur þó ekki fylgt þróun verðbréfamarkaðar.</p> <p>Lög um bókhald og ársreikninga þarfnast frekari endurskoðunar.</p> <p>Ný lög um lausafjárkaup gölluð (nokkur ákvæði óframkvæmanleg).</p>	<p>Viðskiptalöggjöf svari jafnan þörfum tímans.</p> <p>Fullt tillit sé tekið til rafrænna viðskipta.</p> <p>Ársreikningar og reikningskil séu jafnan óaðfinnanleg faglega og í samræmi við alþjóðlega staðla.</p> <p>Raunhæft samræmi sé milli neytendasjónarmiða og atvinnulífs.</p> <p>Markaðir virki sem best.</p>	<p>Reikningskil upplýsi betur um eigin hluti fyrirtækja.</p> <p>Ábyrgð stjórnenda (framkvstj. og stjórnarmanna) sé skýr og samræmd eftir rekstrarformum.</p>	<p>Endurskoða hlutafjálöggjöfina með tilliti til rafrænna viðskipta.</p> <p>Endurskoða aðra félagalöggjöf með tilliti til ábyrgðar stjórnarmanna.</p> <p>Endurskoða lög um lausafjárkaup í ljósi reynslunnar.</p>
--	---	--	---



Eftirlitsiðnaður

Núverandi aðstæður	Æskileg framtíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Lög um opinberar eftirlitsreglur hafa ekki nýst sem skyldi.</p> <p>Afar hægt miðar í einföldun á ýmiss konar eftirlitsstarfsemi (t.d. á sviðum sem fjalla um hollustu, heilbrigði og umhverfismál).</p> <p>Nefnd um opinberar eftirlitsreglur er að störfum.</p>	<p>Framkvæmd opinbers eftirlits sé einföld og gagnsæ, varast tvíverknað.</p> <p>Hið opinbera á ekki að sinna því eftirliti sem neytendur sinna betur.</p>	<p>Ákvæðum laga um opinberar eftirlitsreglur sé fylgt.</p> <p>Eftirlitsreglur öðlist ekki sjálfstætt líf heldur taki mið af aðstæðum.</p> <p>Haldið sé til haga þeim kostnaði (beinum og óbeinum) sem atvinnulífð ber vegna reglna um eftirlit.</p> <p>Eftirlitsaðilar rökstyðji ávallt ákvarðanir sínar.</p>	<p>Farið verði yfir umfang þess opinbera eftirlits sem er til staðar með það að markmiði að draga úr og afnema óþarfa eftirlit.</p> <p>Vinna markvisst að því að koma eftirliti til sjálfstæðra skoðunarstofa.</p> <p>Meta þarf þjóðhagslegt gildi eftirlits áður en því er komið á.</p> <p>Afnema ofeftirlit (t.d. Kvikmyndaskoðun).</p>



Viðskiptahættir

Núverandi aðstæður	Æskileg framtíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Aukinn hraði og breytingar móta viðskiptahætti.</p> <p>Rafræn viðskipti að aukast milli fyrirtækja.</p> <p>Breytingar reyna á viðskiptasiðferði og heiðarleika.</p> <p>Mikið upplýsingamagn – en magn skiptir litlu máli.</p> <p>Fleiri fyrirtæki rekin á opnum hlutabréfamarkaði.</p> <p>Umfjöllun um viðskipti hefur aukist.</p>	<p>Viðskiptahættir séu opnir og sýnilegir.</p> <p>Grundvallargildi um heiðarleika og áreiðanleika verði áfram við gildi þrátt fyrir miklar breytingar.</p> <p>Útbreiðsla rafrænna viðskipta leiði til meiri festu í samskiptum fyrirtækja og samskipti verði skilvirkari og ódýrari.</p> <p>Meiri festa í framsetningu upplýsinga um fyrirtæki og fagleg umfjöllun um atvinnulífið aukist.</p>	<p>Áhersla á þýðingu grundvallargilda til þess að afla þeim fylgis.</p> <p>Rafræn viðskipti verði aukin og með þeim verði viðskiptahættir opnari og sýnilegri.</p> <p>Stöðugt samráð um framsetningu upplýsinga um fyrirtæki.</p>	<p>Grundvallargildin verði ríkur þáttur í námi tengdu viðskiptum.</p> <p>Mörkuð stefna um aðkomu líffeyrissjóða að stjórnun fyrirtækja.</p> <p>Reglulegir fundir með fjölmiðlum um umfjöllun um viðskipti.</p>



Fagmennska í atvinnulífinu

Núverandi aðstæður	Æskileg framtíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Fámennið á Ísl. skapar takmarkanir á sérhæfingu. Aukin rekstrarleg þekking hefur haft jákvæð áhrif. Í minni fyrirtækjum er til staðar fagmennska á sérsviði en rekstrarlega fagmennsku skortir of oft. Í minni fyrirtækjum vantar áætlanagerð og notkun rekstrarupplýsinga sem stjórnþæki og rekstraruppl. ekki nýttar sem stjórnþæki.</p>	<p>Í öllum fyrirtækjum sé gerð skýr krafa um hagnað og viðskiptalega fagmennsku. Rekstraráætlanir og regluleg milliuppgjör verði almenn stjórnþæki í litlum sem stórum fyrirtækjum. Aðgangur fyrirtækja að fjármagni byggist á þekkingu á rekstrinum og getu stjórnenda til að bregðast við síbreytilegum aðstæðum.</p>	<p>Auka þarf viðskiptalega þekkingu og fagmennsku, sérstaklega í minni fyrirtækjum. Stjórnun fyrirtækja miðist við að ná árangri í rekstri en verði ekki fórnarlömb valdabrólts. Auka þarf menntun og aðgang að þjónustu vegna áætlanagerðar og notkunar á rekstrarupplýsingum.</p>	<p>Átak með þátttöku fjármálafyrirtækja og stuðningsaðila í því skyni að auka fagmennsku í rekstri fyrirtækja. Auka aðhald hluthafa þ.a. árangur verði leiðarljós í rekstri fyrirtækja.</p>



Heilbrigðismál

Núverandi aðstæður	Æskileg fram tíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Málaflokkurinn tekur til sín aukið fjármagn, nú 25% útgjalda ríkisins.</p> <p>Rekstur einstakra stofnana fyrst og fremst í höndum ríkisins.</p> <p>Einkaframkvæmd helst á sviði öldrunarþjónustu, sérfræðilækningum, tannlækningum, lyfsölu og sjúkráþjálfun.</p>	<p>Ábyrgð einstaklinga og ríkisins á heilbrigði, heilsufarsþáttum og sjúkdómum, sé vel skilgreind og afmörkuð.</p> <p>Kostnaður ríkis afmarkist við þau svið sem einstaklingarnir beri ekki ábyrgð á.</p> <p>Einkaaðilar veiti sem stærstan hluta þjónustunnar þó að ríkið greiði fyrir hana.</p> <p>Samkeppni og kostnaðarvitund (sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna) verði komið við í veitingu þjónustunnar.</p>	<p>Kostir einkaframkvæmdar verði nýttir til að lækka kostnað og auka skilvirkni.</p> <p>Með hliðsjón af ábyrgð þarf að auka hlut einstaklinga og trygginga þeirra í kostnaði.</p> <p>Auka svigrúm heilbrigðisstétta til sjálfstæðrar starfsemi.</p> <p>Auka möguleika heilbrigðiskerfisins á að veita erlendum aðilum þjónustu.</p>	<p>Skipta LSH upp í minni einingar með skýrri rekstrarlegri ábyrgð.</p> <p>Einkarekstur verði þriðjungur af heilbrigðisþjónustu fyrir árið 2005.</p>



Menntamál

Núverandi aðstæður

Æskileg fram tíðarstaða

Stefna

Forgangsröðun

<p>Menntun einn af lykilþáttum fyrir samkeppnishæfni samfélagsins.</p> <p>Menntun er atvinnugrein.</p> <p>Menntunarstig á Íslandi er allhátt en einhæft.</p> <p>Menntun Íslendinga erlendis nýtist þjóðinni vel.</p> <p>Menntun að stærstum hluta í höndum hins opinbera.</p> <p>Efirspurn eftir menntun hjá einkaðilum.</p> <p>Fyrstu skólaár illa nýtt.</p>	<p>Íslenska menntakerfið verði í fremstu röð.</p> <p>Fjölbreyttir möguleikar á námi erlendis.</p> <p>Einkaðilar hafi svigrúm til þess að þróa og veita menntun.</p> <p>Atvinnulífið hafi aðkomu að námi á öllum skólastigum.</p> <p>Símenntun sé þáttur í öllum störfum í atvinnulífinu.</p> <p>Vel skilgreint hvaða kostnað hið opinbera eigi að bera.</p>	<p>Svigrúm einkaðila til að veita menntun verði aukið.</p> <p>Atvinnulífið hafi svigrúm til að kosta menntun starfsfólks.</p> <p>Skólakerfið verði betur í stakk búið til að veita erlendum nemum menntun.</p> <p>Bæta möguleika íslenskra nemenda til náms erlendis.</p>	<p>Þriðjungur menntakerfisins verði í höndum einkaðila árið 2005.</p> <p>Rekstrarforsendur skólastofnana í einkaeigu verði styrktar.</p> <p>Fjölgun erlendra stúdentar og háskólakennara.</p>
---	---	---	---



Réttarríkið

Núverandi aðstæður	Æskileg fram tíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Almennt gott ástand. Ísland almennt laust við spillingu / mútur.</p> <p>Helst skortir á fagmennsku hjá eftirlitsstofnunum og stjórnvöldum.</p> <p>Geðþóttaákvörðanir stjórnámálanna og embættismanna eru stundum vandamál.</p> <p>Kunningjaþjóðfélagið hefur stundum áhrif á fagmennsku í ákvarðanatöku.</p> <p>Einfalt og tiltölulega ódýrt að leita réttar síns fyrir dómstólum sem almennt njóta trausts.</p>	<p>Ísland verði áfram viðurkennt í fremstu röð sem réttarríki.</p> <p>Áhersla á fagmennsku og góða stjórnunarhætti í opinberri stjórnsýslu.</p> <p>Almennur heiðarleiki einkenni starfshætti í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera.</p> <p>Jafnræði ríki fyrir lögunum.</p> <p>Grundvallarréttindi einstaklinga og fyrirtækja þurfa að vera virt óháð pólitískum tískusveiflum.</p> <p>Sjálfstæðir og óháðir dómstólar verði áfram við lýði.</p>	<p>Efla skilning í þjóðfélaginu á þýðingu réttarríkisins.</p> <p>Vinna að því að atvinnulíf átti sig betur á mikilvægi réttarríkisins fyrir sig og jafnframt að efla skilning á því að atvinnulíf njóti réttinda sinna innan marka réttarríkisins.</p>	<p>Vinna gegn geðþóttaákvörðunum og skaðlegum áhrifum kunningjaþjóðfélagsins á fagmennsku.</p>



Skilvirkt stjórnkerfi

Núverandi aðstæður	Æskileg fram tíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Oft þungt í vöfum miðað við smæð þjóðfélagsins.</p> <p>Nýlegir lagabálkar sem tengjast skipulags- og umhverfismálum sem hafa reynst alltof kostnaðarsamir.</p> <p>Innleiðing evrópureglna oft meira íþyngjandi en þörf er á.</p> <p>Stjórnsýslulög virðast almennt virka vel.</p>	<p>Að viðhorf stjórnkerfisins gagnvart atvinnulífi og einstaklingum byggist á þjónustuviðhorfi gagnvart viðskiptavinunum. Reglur séu almennt notendavænar og taki mið af raunveruleikanum í þjóðfélaginu og kostnaði við að fara eftir þeim.</p>	<p>Sífelld þarf að vera í gangi endurskoðun á vinnubrögðum í stjórnkerfinu.</p> <p>Gera stjórnkerfið notendavænna.</p>	<p>Einfalda ýmis ferli í stjórnkerfinu, sérstaklega á sviði umhverfis- og skipulagsmála.</p>



Stjórnun náttúruauðlinda

Núverandi aðstæður	Æskileg framtíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Enn eru ónýttar ýmsar auðlindir landsins (vatnsafl og jarðvarmi).</p> <p>Aukin vitund um mikilvægi þess að stýra nýtingu á fjölsóttum ferðamannastöðum og nauðsyn á varðveislu náttúru þeirra.</p> <p>Fiskveiðistjórnun hefur verið í mótun og skilað nú þegar verulegum árangri þótt enn sé þörf á frekari þróun.</p>	<p>Auðlindir landsins séu nýttar með hagkvæmum hætti.</p> <p>Jafnvægi sé á milli nýtingar og varðveislu.</p>	<p>Þróa þarf betur líffræðilega þætti í stjórnun á nýtingu fiskistofna.</p> <p>Vatnsafl og jarðvarmi sé nýtt til uppbyggingar atvinnulífs.</p>	<p>Tækifæri til hagkvæmrar nýtingar raforku verði nýtt.</p>



Alþjóðavæðing

Núverandi aðstæður	Æskileg fram tíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Hlutfall útflutnings og innflutnings er komið yfir 40% af landsframleiðslu.</p> <p>Íslensk fyrirtæki eru í auknum mæli með starfsemi erlendis og fyrirtækjum í útrás hefur almennt gengið vel á hlutabréfarmarkaði.</p> <p>Sífelld fleiri Íslendingar hafa færni í samskiptum við aðrar þjóðir.</p> <p>Erlend fjárfesting hefur enn verið of lítil og takmarkast að mestu við beinar fjárfestingar.</p>	<p>Hlutfall útflutnings og innflutnings yfir 50% árið 2010.</p> <p>Öll íslensk fyrirtæki hafi samskipta- og þátttökugetu á alþjóðlegum mörkuðum.</p> <p>Íslenskur hlutabréfamarkaður verði áhugaverður kostur fyrir erlenda fjárfesta.</p> <p>Íslenskur vinnumarkaður verði opinn, líka fyrir hámenntaða útlendinga og íslenskir starfsmenn jafnframt hæfir til að takast á við störf erlendis og samskipti við erlenda aðila.</p>	<p>Stefna í atvinnumálum þarf að miðast við uppbyggingu á útflutningsstarfsemi og alþjóðlegri samkeppnishæfni.</p> <p>Atvinnulífið sé sem mest opið fyrir fjárfestingum, stefnum og straumum erlendis frá.</p>	<p>Afnema séríslenskar reglur og hindranir gagnvart alþjóðavæðingunni.</p>



Alþjóðasamstarf

Núverandi aðstæður	Æskileg framtíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Ísland er aðliti að flestum þeim alþjóðastofnunum sem skipta máli fyrir hagsmuni landsins en hefur kosið að standa utan ESB.</p> <p>Með aukinni alþjóðavæðingu hefur alþjóðasamstarf aukna þýðingu fyrir gang mála á Íslandi.</p>	<p>Íslendingar séu virkir þátttakendur í alþjóðasamstarfi með sína eigin hagsmuni að leiðarljósi.</p> <p>Ísland þarf að geta nýtt sér kosti alþjóðasamstarfsins.</p>	<p>Nýta WTO, EES og EFTA vettvang.</p> <p>Fara yfir hlutverk utanríkisþjónustunnar og forgangsráða með tilliti til þarfa atvinnulífsins.</p>	<p>Sendiráðum fækkað en þau nýtt þar sem við á.</p> <p>Kostir og gallar þess að Ísland tengist ESB nánari böndum séu metnir.</p>



Skattamál

Núverandi aðstæður	Æskileg framtíðarstaða	Stefna	Forgangsröðun
<p>Umbætur hafa verið gerðar með lækkun tekjuskatts og eignarskatts á atvinnulífið. Enn sitja eftir skattar eins og stimpilgjald og sérstakir skattar eins og vörugjöld sem mismuna bæði fyrirtækjum og neytendum. Enn eru ýmsar tæknilegar hindranir gegn alþjóðavæðingu atvinnulífsins.</p>	<p>Skattkerfið leyfi vöxt og viðgang í atvinnulífinu og byggi á því að breiðir skattstofnar með lágum álögum skili tilætluðum tekjum. Fyrst og fremst byggt á almennum sköttum en ekki sértækum. Ísland verði jafnan í fremstu röð í alþjóðlegri skattalegri samkeppni og skattalegt umhverfi hér á landi laði að erlent fjármagn.</p>	<p>Skattalög þurfa að vera í sífelldri þróun til að bregðast við breyttum aðstæðum og halda alþjóðlegri samkeppnishæfni. Tollar og vörugjöld verði sífellt minni þáttur í tekjuöflun ríkissjóðs. Jaðarskattar einstaklinga verði lækkaðir þ.a. þeir fá notið umbunar erfiðis síns.</p>	<p>Ljúka umbótum á tekju- og eignarskattslögum. Haldið verði áfram lækkun tekjuskatts fyrirtækja og einstaklinga og eignarskattur afnuminn með öllu. Stimpilgjald falli niður. Mismunun í vörugjöldum verði afnumin. Samþykktar tollaívilnanir séu ekki teknar til baka með hindrunum í upprunareglunum eða öðrum tæknilegum viðskiptahindrunum.</p>



Stefnumótun til 2010 - Samantekt

Tekjur og líf skjör á Íslandi þurfa að vera sambærileg á tímabilinu 2003-2010 við það sem gerist meðal þeirra 10 þjóða heims þar sem landsframleiðsla á mann er mest.

Hagvöxtur í landinu þarf að vera a.m.k. 3-4% að meðaltali á ári á því tímabili svo það geti tekist.

Þessi vöxtur efnahagslífsins verður til í atvinnulífinu, ekki með útpenslu í opinbera geiranum.

Atvinnulífið verður að skipa sér í fremstu röð með fagmennsku, frumkvæði, trausti og skipulegri nýtingu mannauðsins í fyrirtækjunum.

Til að það takist þarf íslenskt atvinnulíf að búa við lagaumgjörð og starfsumhverfi sem er í fremstu röð miðað við samanburðarlöndin. Forsendur þess eru meðal annars:

- Stöðugleiki í efnahagsmálum.
- Samkeppnishæft skattaumhverfi, lægri skattar og aðlögun að alþjóðlegu umhverfi.
- Minni umsvif hins opinbera.
- Einkavæðing / markaðsvæðing opinberra fyrirtækja og þjónustu.
- Aukinn einkarekstur í menntakerfi og heilbrigðiskerfi.
- Hagstæð viðskiptalöggjöf.
- Samkeppnishæf samkeppnislöggjöf.
- Léttari reglubyrði fyrirtækja og minni eftirlitsstarfsemi.
- Framþróun og aukin alþjóðavæðing á fjármagnsmarkaði.
- Skynsamleg nýting auðlinda landsins.
- Aukin alþjóðavæðing, minni hindranir gagnvart milliríkjavíðskiptum og fjárfestingum erlendra aðila, virk þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi með hagsmuni landsins að leiðarljósi.